

Grjótnám vestan Grindavíkur, Grindavíkurbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 21. júní 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Grindavíkurbæ um Grjótnám vestan Grindavíkur, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Grjótnáma í Eldvarpahrauni. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna efnistöku í Eldvarpahrauni. Grindavíkurbær-Efla. 05.06.2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja 12. júlí 2022, Minjastofnun Íslands 25. júlí 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 3. ágúst 2022 og Umhverfisstofnun 3. ágúst 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í áframhaldandi grjótnámi í námu E6 á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2018-2032, í Eldvarpahrauni um 1,5 km vestan við þéttbýlið Grindavík. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimilt að vinna allt að 100 þúsund m³ af grjóti í námunni á 8,4 ha svæði, næstu 3-5 árin. Efnið á að nota í sjóvarnir í og við Grindavík. Mikil þörf er á grjóti í viðgerðir og viðbætur á sjövrörnum á svæðinu. Grjótnám á svæðinu hefur áður verið heimilað (50 þúsund m³ á 5 ha svæði) Heildarefnistaka úr námuni verður 150 þúsund m³. Ekki verður stöðug vinnsla í námunni heldur verður efni sótt þangað eftir þörfum. Efni verður unnið á um 4-6 m dýpi en þykkt hraunsins er um 8-10 m.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Grindavíkurbæjar og umsögnum umsagnaraðila.

Gróður

Í greinargerð Grindavíkurbæjar kemur fram að um helmingur svæðisins, sem spannar 8,4 ha, sé þegar raskað af fyrri efnistöku og sé sá hluti alveg gróðursnauður. Á þeim hluta svæðisins sem enn er vaxið gróðri sé að finna mosavaxið hraun líkt og er ríkjandi á Reykjanesinu. Verndargildi þess sé miðlungs. Þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á gróður séu varanlega en óveruleg.

Fuglalíf

Í greinargerð Grindavíkurbæjar kemur fram að fuglalíf í mosahraunvist sé rýr, helst sé að vænta heiðlóu, spóa, þúfutittlings, steindepils og rjúpu. Allt séu þetta algengar fuglategundir á Íslandi og



engin þeirra á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sökum nálægðar við sjó gæti þar einnig leynst sandlóa og tjaldur. Efnistökusvæðið sé ekki á mikilvægu fuglasvæði og óhætt að segja að fuglalíf sé lítið sökum aðstæðna, bæði vegna þess að svæðinu hafi nú þegar verið raskað og að vistgerðin sé rýr. Allt í kring séu sambærileg búsvæði fyrir þessar tegundir fugla. Það er mat framkvæmdaraðila að áhrif á fuglalíf séu óveruleg.

Jarðmyndanir

Í greinargerð Grindavíkurbæjar segir að efnistökusvæðið, Eldvarpahraun, hafi runnið fyrir 2.100 árum úr gíg sunnan við Þórðarfell. Áætluð stærð hraunsins sé 13 km² og rúmmál þess sé áætlað um 0,26 km³. Til standi að raska 0,6% af flatarmáli hraunsins og taka um 0,04% af rúmmáli þess.

Bergið í hrauninu sé smádílótt basalt og blöðrótt ofan til en neðar sé það þétt með örsmáum blöðrum. Veðrunarþol bergsins sé nokkuð gott og því henti það einkar vel í brimvarnir.

Hraunið sé nútímahraun og falli því undir vernd 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Aðstæður í Grindavík séu þó sérstakar að því leyti að allt þéttbýlið í Grindavík og stærstur hluti Reykjaness sé þakið nútímahrauni og svo til allar framkvæmdir innan sveitarfélagsins raski nútímahrauni á einn eða annan hátt. Fyrir utan nútímahraun séu einu möguleikarnir á efnistöku í móbergsstöpum í nágrenninu sem henti ekki í sjóvarnir. Það sé því óhjákvæmilegt að raska nútímahrauni til að fá efni í sjóvarnir á svæðinu við Grindavík. Það er mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndanir séu óveruleg.

Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun taka undir framangreint í umsögnum sínum og telja skynsamlegt að stækka það efnistökusvæði sem fyrir er frekar en að raska nútímahrauni einhvers staðar annars staðar með nýju efnistökusvæði og meta sem svo að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir þó á að virða þurfi verndargildi Eldvarpshrauns eldra og tryggja að hluti hraunsins verði verndaður til frambúðar. Skoða ætti formlega verndun og skilgreina á skipulag, það sé mikilvæg mótvægisáðgerð gegn því raski sem efnistakan og aðrar framkvæmdir sem raskað hafa hraunið í gegnum tíðina hafa valdið.

Landslag og ásýnd

Í greinargerð Grindavíkurbæjar segir að landslag á svæðinu sé mjög flatt, mosavaxið hraun. Víðsýnt sé í flestar áttir og hægt að sjá inn á miðjan Reykjanesskagann. Efnistökusvæðið sé mjög nálægt Nesvegi og sjáist frá veginum. Það sést þó ekki jafn vel og nálægðin gefi til kynna, þar sem allt raskið sé niðurgrafið. Ætla megi að ásýndin verði sambærileg nú og áður, að raskið verði ekki mjög áberandi þegar horft er af jafnsléttu í átt að svæðinu. Það er mat framkvæmdaraðila að áhrif á landslag og ásýnd séu óveruleg.

Fornminjar

Í greinargerð Grindavíkurbæjar kemur fram að árið 2000 hafi fornleifafræðingur verið fenginn til að kanna svæðið en engar fornminjar hafi fundist utan tveggja varða og vörðubrota í Eldvarpahruni eldra. Það er mat framkvæmdaraðila að áhrif á fornminjar verði engin.

Minjastofnun Íslands tekur undir þetta í umsögn sinni og telur að fyrirliggjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði séu fullnægjandi.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2018-2032.

Svæðið hefur ekki verið deiliskipulagt.



Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Grindavíkurbæ ásamt starfsleyfi fyrir grjót- og malarnámi frá heilbrigðiseftirliti Suðurnesja skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6 Niðurstaða

Um er að ræða áframhaldandi grjótnám í Eldvarphrauni vestan Grindavíkur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, t.a.m. svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Jafnframt ber að líta til áhrifa framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, afturkræfni áhrifa og samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Helstu áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar er rask á hrauni sem nýtur verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Framkvæmdasvæðinu hefur þó þegar verið raskað með efnistöku sem fór í gegnum umhverfismat á sínum tíma. Fyrri efnistaka hefur þegar breytt ásýnd svæðisins. Að mati Skipulagsstofnunar verða sjónræn áhrif frekari efnistöku takmörkuð vegna aðstæðna. Gert er ráð fyrir að framkvæmdasvæðið verður síðar nýtt undir lóðir og telur Skipulagsstofnun afar jákvætt að nýta hraunið sem best áður en það verður tekið undir lóðir en tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands að ástæða sé til að skoða formlega verndun á hluta hraunsins sem ekki verður raskað, til frambúðar. Aukin efnistaka mun ekki fela í sér rask á fornminjum og mun hafa óveruleg áhrif á gróður og fuglalíf á svæðinu.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. október 2022.

Reykjavík, 26. ágúst 2022

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir